

Sameinað Sílikon hf.
Stakksbraut 9
230 Reykjanesbær



Reykjavík 8. desember 2016
UST201612-074/A.B.B.
08.08.02

Fyrirmæli vegna eftirlits - krafa um úrbætur

Verksmiðja Sameinaðs Sílikons hf. til framleiðslu á kíslí var gangsett þann 11. nóvember sl. að Stakksbraut 9 á iðnaðarsvæðinu í Helguvík, Reykjanesbær. Gangsetning á fyrri ljósbogaofni verksmiðjunnar hefur gengið hægt og fjöldi kvartana hefur borist vegna lyktar og reykmengunar.

Samkvæmt upplýsingum sem Umhverfisstofnun fékk við eftirlit í gærdag þann 7. desember sl. hefur nú verið slökkt á ofni sem verið hefur í gangi í verksmiðjunni vegna slyss. Rekstraraðili hefur hvorki getað svarað með fullnægjandi hætti öllum spurningum eftirlitsmannar stofnunarinnar né veitt viðunandi upplýsingar um losun verksmiðjunnar á gangsetningarástigi.

Í eftirlitsskýrslum stofnunarinnar úr þremur eftirlitsferðum eftir gangsetningu verksmiðjunnar hafa þegar verið greind 9 frávik. Fjöldi kvartana hafði borist stofnuninni frá gangsetningu og var eftirlitsferðum fjölgæð m.a. vegna þess. Kvörtunum hafði fækkað en fjölgæði á ný og sá stofnunin því ástæðu til að fara enn á ný í fyrirvaralaust eftirlit í gær 7. desember sl. Nauðsynlegt er að rekstraraðili geri úrbætur með skilvirkum hætti:

Þau frávik sem hafa verið tilgreind eru:

- Vöntun á símælingum fyrir ryk í rjáfri hreinsivirkis (sjá gr. 3.1 í starfsleyfi) sbr. eftirlit frá 17. nóvember sl.
- Ófullnægjandi afsog og hreinsun útblásturs (gr. 2.5 í starfsleyfi) sbr. eftirlit frá 17., 22. og 23. nóvember sl.
- Frágangur á lóð og geymsla spilliefna er ábótavant (gr. 2.2 í starfsleyfi) sbr. eftirlit frá 23. nóvember sl.
- Ekki hefur verið tilkynnt um mengunaróhöpp (gr. 4.6 í starfsleyfi) sbr. eftirlit frá 22. nóvember sl.
- Ekki liggar fyrir hversu hreint timbrið er eða magn sem brennt hefur verið (gr. 2.13 í starfsleyfi) sbr. eftirlit frá 23. nóvember sl.
- Skráningum er ábótavant og ekki búið að innleiða rafrænt skráningarkerfi fyrir mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim og eftirlit (gr. 3.2 í starfsleyfi). sbr. eftirlit frá 23. nóvember sl.

Við eftirlit sem fram fór í gær 7. desember komu eftirfarandi frávik einnig í ljós:

- Ekki var afsog eða rykhreinsibúnaður við sængursteypu (gr. 2.4 í starfsleyfi).
- Rekstraraðili hefur ekki sinnt tilkynningarskyldu gagnvart eftirlitsaðila varðandi stöðvun starfsemi/stöðvun ofns (gr. 1.6 í starfsleyfi).

Umhverfisstofnun telur að undirbúningur gangsetningar hafi verið ónógur og stjórnun mengunarvarna sé verulega ábótavant í starfsemi verksmiðjunnar. Frávikum fer fjölgandi og ekki verður séð að rekstraraðili sé að ná að bæta úr með fullnægjandi hætti.

Umhverfisstofnun fer fram á að rekstraraðili geri nú þegar úrbætur á þeim frávikum sem tilgreind hafa verið. Umhverfisstofnun fer fram á að ljósbogaofn verksmiðjunnar verði ekki ræstur á ný fyrr en Umhverfisstofnun hafa verið send gögn varðandi úrbætur og stofnunin metið þau.

Þau gögn sem Umhverfisstofnun kallar eftir:

- Staðfesting á að símaelir fyrir ryk í rjáfri sé kominn upp til að meta losun frá verksmiðjunni, eða að skráningarfyrirkomulag verði með þeim hætti að það gefi greinargóðar upplýsingar um losun.
- Staðfesting að hráefni sé í því ástandi sem hentar til vinnslunar og feli ekki í sér meiri mengun en gert var ráð fyrir. Gera þarf nánari greiningu á ástandi hráefnis sem notað er til vinnslu.
- Staðfesting á að fullnægjandi skráningarkerfi sé til staðar sem heldur utan um alla losun mengunarefna, hráefnisnotkun og rekstur mengunarvarnarbúnaðar.
- Verkferlar varðandi gangsetningu ofna séu til staðar.
- Gögn sem sýna fram á að allur reykur fari í gegnum reykhreinsivirki sbr. ákvæði starfsleyfis.


Vakin skal athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt fyrmælum stofnunarinnar svo sem fram kemur í starfsleyfi.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Sigríði Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölupósti á sigridurk@umhverfisstofnun.is, eða Einar Halldórsson í síma 591-2000 eða með tölvpósti á einar.halldorsson@ust.is.



Sigríður Kristjánsdóttir
teymisstjóri

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri